

**B. Kjörnir:**

3. Einn maður skipaður af menntamálaráðherra.
4. Maður kjörinn af Bláðamannafélagi Íslands eða hliðstæðum félagsskap.
5. Einhver niðja Björns Jónssonar ritstjóra og ráðherra, sem hinir stjórnarmennirnir kjósa.

5

26. jan.

## 5. gr.

Fjárgæzla sjóðsins skal falin Landsbanka Íslands eða sjóðstjórnardeild hans, ef slík deild verður sett á stofn. Skál þess jafnan gætt að fé sjóðsins beri vexti og má í því skyni verja fé hans til kaupa á veðdeildarbréfum og öðrum jafntryggum veðbréfum. Hlutabréf má aldrei kaupa fyrir eignir sjóðsins.

Hagur sjóðsins skal gerður upp fyrir lok desembermánaðar ár hvert og reikningar hans birtir á þann hátt, sem sjóðstjórnin ákveður.

## 6. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól hans svo og gjafir, er honum kynni að hlotnast. Skulu tekjurnar leggjast við höfuðstólinn, sbr. þó ákvæði 7. gr.

## 7. gr.

Útborgun verðlauna úr sjóðnum skal fara fram á fæðingardegi Björns Jónssonar, 8. október ár hvert, í fyrsta skipti á 100 ára fæðingardegi hans 8. október 1946. Verðlaunin skulu nema  $\frac{3}{4}$  vaxta er safnast hafa en  $\frac{1}{4}$  jafnan lagður við sjóðsupphæðina. Sjóðstjórnin getur ákveðið að úthluta verðlaunum annaðhvort eða jafnvel þriðja hvert ár. Skál þá næsta úthlutun nema  $\frac{3}{4}$  hlutum vaxta tveggja undanfarinna ára.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari og skál skipulagsskráin birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Reykjavík, 14. janúar 1943.

Guðrún Björnsdóttir.      Borgh. Björnsson.      Sveinn Björnsson.

Ísafoldarprentsmiðja h/f

Jón Hermannsson.      Gunnar Einarsson.

**AUGLÝSING**

um undanþágu frá ákvæðum reglugerðar, dags. 9. okt. 1940, um skyldu skipa og flugfara til að koma á tiltekna hafnir eða hafnarstaði til þess að fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi.

6

28. jan.

Á tímabilinu frá 29. janúar til 31. maí þ. á., að báðum dögum meðtöldum, geta íslensk og færeysk skip, sem flytja frystan eða ísvarinn fisk til Bretlands, fengið fyrstu og síðustu afgreiðslu í Hornafirði.

Skipin mega enga farþega flytja.

Þessi undanþága gildir þar til öðruvísi verður ákveðið.

*Fjármálaráðuneytið, 28. janúar 1943.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*